

AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá
fyrir Vísindasjóð Krabbameinsfélags Íslands, nr. 195/2016.**

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

5. gr. skipulagsskrárinna verði svohljóðandi:

Stjórn Vísindasjóðs Krabbameinsfélags Íslands skipta sjö einstaklingar tilnefndir til þriggja ára í senn af stjórn Krabbameinsfélags Íslands og tveir til vara. Formaður skal skipaður sérstaklega en aðrir stjórnarmenn skipta með sér verkum. Enginn getur setið í stjórn Vísindasjóðs lengur en sex ár í senn. Við fyrstu skipun stjórnar skulu þrír stjórnarmanna tilnefndir til eins árs og fjórir til tveggja ára, þar á meðal formaður stjórnar.

Ákvarðanir stjórnar eru teknar með meirihluta atkvæða. Stjórnarmenn fá hvorki greidd laun né þóknun fyrir venjuleg stjórnarstörf.

Stjórn sjóðsins mótar stefnu hans og setur úthlutunarreglur þar sem fjallað er um umsóknir, matsferli, kynningar, skil á niðurstöðum og styrki. Jafnframt setur stjórnin sér starfsreglur þar sem m.a. er fjallað um skilyrði þess að gerast styrktaraðili sjóðsins, sbr. 7. gr.

Stjórnin ber ábyrgð á því að úthlutun styrkja sé í samræmi við skipulagsskrá þessa. Hún ber ábyrgð á ávöxtun sjóðsfjár og er heimilt að fela viðurkenndum fjárvörluaðila umsjón með fjármunum sjóðsins. Stofnframlag og aðrar eigur sjóðsins skal ávaxta með tryggilegum hætti.

Stjórnin skal eigi síðar en 1. maí ár hvert skila stjórn Krabbameinsfélagsins skýrslu um störf á liðnu starfsári, sem birta skal opinberlega. Stjórnin hefur aðgang að húsnæði og annarri aðstöðu á vegum Krabbameinsfélagsins og nýtur aðstoðar starfsmanna þess við störf sín samkvæmt ákvörðun forstjóra félagsins.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Vísindasjóð Krabbameinsfélags Íslands staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulags-skrá.

F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 20. maí 2020,

Björn Hrafinkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.